



Kópavogsbær

Dígranesvegur 1  
200 Kópavogur  
Sími 441 0000  
kopavogur.is

SORPA bs.  
Gylfaflöt 5  
112 Reykjavík

Kópavogi, 5. september 2022  
2209119/999.00 ÁAK

Efni: Flutningur Sorpu af Dalvegi 1, Kópavogi.

Undirrituð vísar til fundar okkar þar sem framtíð Sorpu á Dalvegi 1 var rædd.

Á milli Kópavogsbæjar og Sorpu er ekki í gildi samningur um leigu lóðarinnar að Dalvegi 1 en lóðinni var úthlutað til bráðabirgða sbr. fund bæjarráðs Kópavogs þann 28. nóvember 1991 þar sem samþykkt var að innheimta lágmarks gatnagerðargjald af bráðabirgðarlóð til Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins að Dalvegi 1. Samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs er svæðið ætlað undir verslun og þjónustustarfsemi og samræmist starfsemi Sorpu ekki því nógildandi skipulagi.

Með vísan til ofangreinds er því farið fram á við Sorpu að starfsemi Sorpu við Dalveg 1 verði hætt og að lóðinni verði skilað til Kópavogsbæjar eigi síðar en 1. september 2024.

Virðingarfyllt,



Ásdís Kristjánsdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir  
bæjarstjóri Kópavogs

